

HÚSÖNDIN

10.tbl. 1.árg.
11.apríl 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 12.-18. APRÍL 2018



- 12.4 *Doninika Daniela Szlehuber Soja*
13.4 *Halla Bergrún Davíðsdóttir, Helgi Héðinsson*
14.4 *Sigríður Jóhannesdóttir*
15.4 *Baldvin Þór Jóhannesson, Bjartur Arnarsson*
17.4 *Sæmundur H. Ásgeirsson Muller, Örn A Hauksson*
18.4 *Sigurbjörn Ásmundsson, Susi Haugaard*



SUMARDAGURINN FYRSTI 2018 OPIÐ HÚS Í SKJÓLBREKKU

Þann 19. apríl nk., sumardaginn fyrsta, ætlar Skútustaðahreppur að bjóða íbúum að koma og skoða Skjólbrekku undir handleiðslu fulltrúa úr sveitarstjórn og félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps.

Nú hefur nýtt gólfefni verið lagt á sali hússins og gaman að sjá hvernig það kemur út.

Kaffveitingar verða í boði og börn úr leik- og tónlistarskóla verða með skemmtiatriði.

Opna húsið mun standa frá 14:00-16:00 og skemmtiatriðin frá krökkunum hefjast kl. 14:30.

Hvetjum alla til að mæta og fagna sumri saman!
Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps

GRUNNSKÓLAKENningar ÓSKAST VIÐ REYKJAHlíÐARSKÓLA Í MÝVATNSSVEIT



Kennara vantar við Reykjahlíðarskóla frá 1. ágúst 2018. Um er að ræða umsjónarkennslu á yngsta og unglíngastigi, íþróttir og textílmennt.

Menntunar- og hæfníkröfur:

- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Mjög góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Hugmyndaauðgi, jákvæðni og sveigjanleiki

Skólinn er að innleiða Heilsueflandi grunnskóla, Jákvæðan aga og flaggar Grænfánanum fyrir umhverfisstefnu.

Reykjahlíðarskóli er heildstæður skóli með um 35 nemendum.

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Frekari upplýsingar gefur Sólveig Jónsdóttir skólastjóri í síma 464 4375.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið solveig@reykjahlidarskoli.is

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 25. apríl 2018.



AÐALFUNDUR FJÖREGGS

2018

Aðalfundur Fjöreggs verður haldinn
fimmtudaginn 12.april kl.20
í Fuglasafninu

Dagskrá aðalfundar byrjar kl 20. Við hvetjum félagsmenn
til að mæta og taka þátt í starfinu og ekki
síður að hittast og njóta notalegrar samveru.



Fjöregg

Kl.21 flytur Bjarni Kristófer Kristjánsson erindi.
Lífið í hrauninu - Gjáríontur og annað lífríki
hraunhella í Mývatnssveit.
Allir velkomnir!

www.facebook.com/Fjoregg
www.fjoregg.is



VORFAGNAÐUR KARLAKÓRSINS HREIMUR
“RÍÐUM SEM FJANDINN”
VERÐUR AÐ ÝDÖLUM 21.APRÍL KL. 20:30

Söngstjóri er Steinhólfur Þráinsson

Undirleikari er Steinunn Halldórsdóttir

Einsöngvarar eru Ásgeir Böðvarsson og Sigurður Þórarinnsson


Sönggestir er Karlakór Kjalnesinga

Kynnir er Kristinn Rúnar Tryggvason

Miðaverð er 5000 kr.

Forsala er hjá Hársnyrtistofunni Toppnum á Húsavík s.4642131
og Dalakofanum á Laugum s.4643344.

Stórbrotið kaffihlaðborð og svo spilar Stulli fyrir dansi.





JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

Jónas Pétur hlaut titilinn „Snagi mánaðarins” fyrir marsmánuð en bikarinn er veittur þeim sem kemur oftast í bað í hverjum mánuði. Jónas Pétur kom í bað í 29 skipti í mars en næsti á eftir honum kom í 26 skipti. Samkeppnin er áfram mikil og verður spennandi að sjá hver hlýtur bikarinn fyrir aprílmánuð.

Seinasti kótilettudagurinn
í Jarðböðunum verður þann
12. apríl næstkomandi.
Við hlökkum til að sjá ykkur.

Starfsfólk Jarðbaðanna við Mývatn

ÍBÚÐAEININGAR TIL SÖLU



Landsvirkjun auglýsir eftirfarandi húseiningar til sölu:

- Gistiskáli í Kröflu
- Skrifstofurrými í Búðarhálsi
- 2 herbergja íbúðir í Búðarhálsi
- 3 herbergja íbúðir í Búðarhálsi
- Gistiskáli með eldhúsi og mötuneyti á Þeistareykjum

Nánari upplýsingar má finna á uppboðsvef Króks,
www.bilauppbod.is/lausafjarmunir, þar sem salan fer fram.
Raða má einingum upp á fjölbreyttan hátt.

DÓSASÖFNUN



Nemendur í 8. og 10. bekk Reykjahlíðarskóla verða með dósasöfnun í þessari viku. Safnað verður miðvikudag og fimmtudag (11.-12. apríl). Vinsamlega setjið pokana með dósum og flöskum við útidyrnar hjá ykkur ef þið verðið ekki heima á þessum tíma og viljið að þeir verði sóttir.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn.
Nemendur

Leikfélag Húsavíkur sýnir

SJÓRÆNINGJA PRINSESSAN

eftir Ármann Guðmundsson í leikstjórn Maríu Sigurðardóttur

SÍÐASTA SÝNING

× laugardaginn 14. apríl kl. 16:00

fullt verð: 3000 - börn/afsl: 2000



Félagsmenn Framsýnar, Þingíðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur geta keypt afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu

Miðapantanir: www.leikfelagid.is • 464 1129 • midi@leikfelagid.is



GAMLI BÆRINN

RESTAURANT & BAR

Priðjudagar eru takeaway pizzadagar!

Kæru sveitungar!

Priðjudagar eru pizzadagar hérna hjá okkur á Gamla bænum. Allar sóttar pizzur með 3 áleggstegundum á aðeins 1.500 kr. og tilboðið gildir alla þriðjudaga fram til 1.júní.

Byrjum á þriðjudaginn.

Síminn er 464-4270

Áleggin sem við bjóðum uppá eru:

**pepperoni-skinka-laukur-sveppir-laukur-tómatar
basil-reyktur silungur-klettasalat-mozzarella
sólpurkaðir tómatar-paprikka-chilli-ólífur**

Foreldrahittingur

FORELDRAFÉLAGS SKÓLANNA Í MÝVATNSSVEIT

Eigum gott kvöld saman í kvöld, 11.apríl, frá 20:30 á Gamla bænum.
“Hugmyndakassinn” verður á sínum stað.

Það verður tilboð á pizzum af matseðli (ath. eldhúsið er opið til 21:00).

FYRSTA HJÁLPA

Slysavarnadeildin Hringur ætlar að bjóða þeim Mývetningum sem ekki gefst kostur á að fara á skyndihjálparnámskeið í sinni vinnu upp á námskeið í fyrstu hjálpa. Þetta er 12 klst námskeið og verður haldið dagana 20.-21.apríl. Hefst námskeiðið kl. 19:00 á föstudagskvöldinu og er svo líka kennt fyrirpart laugardags. Námskeiðið verður haldið í húsi slysavarnadeildarinnar að Múlavegi 2.

Á námskeiðinu er m.a. farið í aðkomu að slysi, endurlífgun og notkun á hjartastuðtæki, stöðvun blæðinga og fyrstu meðferð við brotum og sárum.

Skráning á námskeiðið þarf að vera lokið fyrir kl.19:00 sunnudaginn 15.apríl hjá Siggu Jósa á [siggjosa@gmail.com](mailto:siggajosa@gmail.com) eða í síma 865-2005. Eins ef einhverjar spurningar eru. Og að sjálfsögðu verður boðið uppá hressingu meðan á námskeiði stendur.

Slysavarnadeildin Hringur



STÖNGIN INN! Á BREIÐUMÝRI

Gamansöngleikurinn með ABBA-lögunum

Höfundur: Guðmundur Ólafsson
Leikstjóri: Vala Fannell
Tónlistarstjóri: Jaan Alavere

Nú fer sýningum fækkandi á þessu stórskemmtilega leikverki þannig að nú er um að gera að drífa sig í leikhús á Breiðumýri.

Næstu sýningar:

- 13. sýning – fimmtudagur 12. apríl kl. 20:30
- 14. sýning – föstudagur 13. apríl kl. 20:30
- 15. sýning - sunnudagur 22. apríl kl. 20:30

Miðaverð:

Fullorðnir kr. 3000.-
Börn 16 ára og yngri kr. 2200.-
Eldriborgarar og öryrkjar kr. 2700,-

Félögum í Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fáafsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Dalakofinn verður með leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 6 manns) lambasteik og meðlæti, og kaffi og köku í eftirrétt á kr. 3900.-
Einnig býður Dalakofinn 15% afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti.
Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum.

Miðapantanir eru í síma 618-3945

FÓTSNYRTING

Berglind Jónsdóttir fóttaaðgerðafræðingur kemur í sveitina
3.maí og vill Kvenfélag Mývatnssveitar bjóða eldri borgurum
67 ára og eldri í fót snyrtingu hjá henni.

Áhugasamir hafi samband við Dísu í síma 867-8249.
Stjórn Kvenfélagsins

Menningarfélagið Gjallandi

Stefnir á stóra hluti í nánustu framtíð en af nógu er
að taka. Við verðum með tónleika fyrir
leikskóla, grunnskóla og eldri borgara á fimmtudag,
nýstofnuð leikdeild Gjallanda er komin í samstarf við
leikdeild Mývetnings, bókakaffi og fleira.

Minum einnig að öllum er frjálst að senda inn efni
til okkar til birtingar í Húsöndina
Ljóð, sögur, brandara, minningar og fleira.

Ný stjórn var kosin á síðasta aðalfundi:

Garðar Finnsson, formaður

Davíð Örvar Hansson, gjaldkeri

Arna Hjörleifsdóttir, aðalritari

Arnþrúður Dagsdóttir, meðstjórnandi

Hulda Hrund Sigmundsdóttir, meðstjórnandi





FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

NÚ LIGGUR LEIÐIN HEIM AÐ LAUGUM FÖGNUM SUMRI SAMAN!

Á sumardaginn fyrsta þann 19. apríl næstkomandi verður
Opið hús í íþróttahúsinu á Laugum frá kl. 13:00-16:00

Þar verður ýmislegt skemmtilegt og fróðlegt í boði
fyrir alla aldurshópa s.s

- Nemendur og starfsfólk FL munu kynna það fjölbreytta starf sem unnið er í skólanum
- Vöruframleiðendur og listamenn úr nærsamfélaginu okkar verða með kynningar og sölubása
- Leikir og þrautir fyrir yngstu kynslóðina í boði nemenda FL
- Lífandi tónlist – skólahljómsveit og söngvarar
- Kórinn Sálubót kemur og tekur nokkur lög
- Nemendur FL verða með hesta og teyma undir þeim sem vilja fara á bak
- Kaffihúsastemming með vöflum og tilheyrandi verður í boði Framhaldsskólans
- Sundlaugin verður opin - frítt fyrir alla

Sjáumst sem flest og fögnum sumri saman
Nemendur og starfsfólk Framhaldsskólans á Laugum